

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

2. ÁRGANGUR 4. TÖLUBLAD

ÁGÚST 2013



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Jóhann Geirsson staðsettur í eldisstöð sinni Fiskeldinu Haukamýri. Jóí hefur starfað í fiskeldi í meira en 30 ár.

Aðgengi að fræðsluefni og menntun

Úreltar aðferðir

Eflaust hafa margir upplifað skóla sem fangelsi og beðið eftir því að kennslustund ljúki. Verið í öðrum heimi á meðan fyrirmyndarnemarnir og kennari hafa átt samræður. Ekki geta einbeitt sér og meðtekið boðskapinn og seta hans á skólabekk því að mestu verið soun fyrir þjóðfélagið. Verið þátttakandi í kennslustund þar sem notaðar eru úreltar aðferðir til að miðla upplýsingum til nemanda. Hér er átt við fyrirlestraformið sem hefur verið notað í hundruð ára til að miðla til nema. Áður fyrr hefur fyrirlestur eflaust verið besta formið til að miðla upplýsingum miðað við þá tækni sem var til ráðstöfunar. En hver er staðan nú?

Breyttur heimur– ný tækni

Það hefur átt sér stað algjör bylting á síðustu áratugum við miðlun upplýsinga. Þeir sem hafa það hlutverk að kenna hafa í alltof litlu mæli tileinkað sé þessa tækni. Hér þarf að gera stóráttak

og auka aðgengi nema og annarra t.d. að fræðsluefni í fiskeldi.

Gögn inn á námsneti

Í mörgum skólum er kennsluefni vistað inn á námsneti skólans og eingöngu aðgengilegt starfsfólki og nemendum. Þetta form að miðla námsgögnum er stórt jákvætt skref en hefur þann annmarka að utanaðkomandi aðilar sem hafa áhuga að færðast t.d. heima í stofu geta ekki nálgast námsgögnin.

Allt á netið

Dæmi eru um vefi þar sem tekið er fyrir ákveðið námsefni. Þar er að finna allt lesefni, glærur, myndir og myndbönd og jafnvel gagnvirkt efni þar sem nemi getur t.d. lagt mat á eigin þekkingu innan fagsins.

Af hverju útbúum við ekki fræðsluefni og setjum á netið t.d. fyrir



Fyrirlestrar eru úrelt kennsluform.

sjókvíaeldi sem verið er að byggja upp á Íslandi, en þar er mikill skortur á þekkingu.

Prófgráður

Hefðbundna leiðin og sú eina sem er í boði er að innrita sig í skóla til að fá prófgráðu. Af hverju förum við ekki þá leið að útbúa gott námsefni sem er öllum aðgengilegt á netinu. Starfsmaður í fiskeldi getur tileinkað sér efnið á netinu ásamt því að vinna í fiskeldisstöðvum til að afla sér starfsreynslu. Starfs-

Framhald á næstu síðu

Á döfinni

Fiskeldisráðstefna á Patreksfirði 3.-4. október.

Sjávarútvegsráðstefnan, 21.-22. nóvember

Efnisyfirlit

Aðgengi að fræðsluefni og menntun	1
Framúr stefnuhugmynd SÚR 2013	2
Fóðurverksmiðjan Laxá og Aqua Nor	4
Ostrur og aðrar eldistegundir á Íslandi	6
Ráðstefna um forsendur sjókvíaeldis og skelræktar	9
Dagskrá ráðstefnunnar, Fiskeldi í köldum sjó	10

Framh. af forsiðu

maðurinn getur síðan þreytt próf og ef hann uppfyllir þær kröfur sem gerðar hafa verið í námskrá útskrifist hann með prófgráðu. Það sem skiptir megin máli er þekking og færni starfsmanns innan ákveðins fræðasviðs en ekki endilaga prófgráðan.

Skóli hentar ekki öllum

Mikið brottfall nema í framhaldsskólum og háskólum er staðfesting á því að skólakerfið er ekki að þjóna nægilega vel öllum sínum viðskiptavinum (nemun). Hlutverk skóla er að veita nemum viðeigandi þjónustu og mælikvarði á

gæði starfsins er m.a. hlutfall nema sem útskrifast. Það kannast margir við hátt hlutfall brotsfalls nema á Íslandi.

Betri þjónusta

Það er ekki allra að sitja á skólabekk og til að þjónusta þann markhóp er ein leið að vera með gott myndrænt fræðsluefni á netinu. Nemar geta þá lært á hvaða tíma sem er og á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Í staðinn fyrir að sitja í kennslustund og hlusta á fyrirlestur þar sem tíminn nýtist oft ekki nægilega vel. Með þessu móti getur hver og einn hámarkað nýtingu á sínum tíma.



Það þarf að tryggja þegar verðmæti fiska í kvíum hleypur á milljörðum. Fulltrúar frá Tryggðarmiðstöðunni í heimsókn hjá Fjarðalaxi; Þórir Ingþórsson og Sveinn Ingvason. Á milli þeirra er Ingólfur Sigfússon.

Stuttar fréttir

- **Arnalax** hefur verið mikið í umfjöllum í sjónvarpi og þar hefur m.a. komið fram að stefnt sé að 10.000 tonna framleiðslu.
- Fjallað var um laxeldi í grein í Morgunblaðinu þann 1. júlí undir heitinu **Lax, lax og aftur lax**. Þar kom m.a. Fram: „Fyrir augljós ókosti laxeldis í sjókvíum hafa vísindamenn reglulega bent á þá staðreynd að eldislax er sóðhættulegur matur og hans ætti aldrei að neyta oftar en 3-4 sinnum á ári!“ Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þessi ranga fullyrðing kemur fram í fjölmiðlum. Tíðar endurtekningar á staðleysum geta orðið að staðreyndum hjá þeim sem er móttækilegur fyrir neikvæðum boðskap. Hvað segja þeir sem hafa atvinnu af því að selja lax á innlendum markaði? Besta að þegja þar sem fáir lesa Moggann?
- Landssamband fiskeldisstöðva hefur verið með nokkrar greinar í blöð þar sem farið er yfir **jákvæða þætti í uppbyggingu laxeldis** á síðustu vikum. Greinar hafa m.a. birst í Fiski-fréttum og Morgunblaðinu þar sem m.a. hefur verið svarað röngum og neikvæðum fullyrðingum um fiskeldi.
- Þann 29. júní kom fram í Morgunblaðinu að Grindavíkurbær hafi gert viljayfirlýsingu við **Ice Aqua** um að taka frá lóð fyrir fiskeldi í skipulagi sem er verið að vinna. Ice Aqua hefur hug á að vera með eldi á bleikju og beitarfiski. Gert er ráð fyrir að nýta varma af affalslagn sem HS Orka er að leggja til sjávar.

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

• Þvottastöð
• Fiskeldispokar
• Kastnætur
• Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Stuttar fréttir

- Þann 22 júní birtist frétt í Fréttablaðinu undir heitinu „Sildveiðiskip skemma ítrekað bláskeljarækt“. Hér er um að ræða Bláskel ehf. í Stykkishólmi. Þeir hafa verið duglegir að selja krækling á innanlandsmarkað og eru með vefsíðuna: www.blaskel.is.
- Fyrirtækið Náttúra fiskrækt í Þorlákshöfn hyggst sexfalda framleiðslu sína á bleikju þannig að hún verði 1.200 tonn á ári skv. frétti í Fréttablaðinu.
- Í Morgunblaðinu þann 25 júlí var fjallað um Fjarðalax í grein undir heitinu „Munu slátra 100 tonnum á viku í vetur“. Gert er ráð fyrir nærri 5.000 tonna slátrun í Patreksfirði. Skilaverð á laxi í dag er hátt og það liggur í loftinu að verð hækki meira á næstu misserum. Það viljum við nýta okkur segir Jón Örn Pálsson.
- Þann 8 ágúst birtist frétt á vef Matis (www.matis.is) undir heitinu „Ölum við fiska á diska framtíðarinnar?“ Vöxtur fiskeldis á Íslandi hefur verið hægari en ætla mætti vilji Íslendingar gegna sama hlutverki við matavælaframleiðslu úr fiskmeti og þeir hafa gert hingað til. Arnljótur Bjarki Bergsson sviðsstjóri hjá Matis telur að frekari rannsóknir og þróunarvinnu þurfi til að efla fiskeldi hérlandis.
- Allnokkrar umræður hafa verið um framtíð IPA umsókna. Hóla-skóli og samstarfsaðilar voru búnir að fá vilyrði fyrir verkefnið „Framtíðarsýn í fiskeldi“ upp á 118 MKR styrk. Aðildar-umræðum að Evrópusambandinu er hætt og allt fast í kerfinu.

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

Ert þú með framúrstefnuhugmynd til að efla íslenskan sjávarútveg og tengdar atvinnugreinar?

Sjávarútvegsráðstefnan kallar eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum, sem veita á viðurkenningu fyrir á næstu ráðstefnu vettvangsins. Markmiðið er að hugmyndirnar séu framsæknar og frumlegar og skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun.

Það sem þarf að hafa í huga

Framúrstefnuhugmynd skal setja fram á hnitmiðaðan hátt þar sem fram kemur lýsing á hugmynd, tillaga að framkvæmd, væntanlegur afrakstur og áhrif til góðs fyrir ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls). Allir geta sent inn hugmyndir en þær þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hugmyndin er framúrstefnuleg
- Hugmyndin er raunhæf
- Hugmyndin er framsækin og frumleg
- Hugmyndin skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun

Tímafrestur

Frestur til að skila inn umsóknum er **15. október 2013**. Nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Verðlaun og kynning

- Veitt verður verðlaunafé að upphæð kr. 500 þús. Þrjár bestu hugmyndirnar fá kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni.



- Þrjár bestu hugmyndirnar fá sýningabás á ráðstefnunni til að kynna sínar hugmyndir.
- Fleiri hugmyndirnar fá síðan sérstaka kynningu í veglegu ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar.
- 10 bestu hugmyndasmiðirnir fá frítt fyrir einn á ráðstefnuna.

Framúrstefnuhugmyndir 2011 og 2012

Svifölduna og fyrstu verðlaun árið 2011 hlaut farmúrstefnuhugmyndin „Ljósaveiðar, ljósvarpa“ og tók Halla Jónsdóttir verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands á móti viðurkenningunni.

Árið 2012 hlaut Björn Björnsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnuninni, fyrstu verðlaun. Hugmyndin byggir á lágtíðni-hljóðmerki til fiskveiða – hljóði til að safna fiski saman.

Hugmyndirnar eru framúrstefnulegar eins og kallað var eftir. Skiptar skoðanir eru um hvort hugmyndirnar séu raunhæfar. Það mun varla koma ljós fyrir en eftir einn eða fleiri áratugi.

Hágæða framleiðslubúnaður fyrir súrefni, óson og köfnunarefni

Framleiddur það á staðnum eftir þínum þörfum!

Engin flutningskostnaður, engin leiga, engar birgðir, lítill rekstrarkostnaður

Gaia ehf. | Sími: 499-0790 | www.gaia-ehf.is | gaia@gaia-ehf.is



...lausnin liggur í loftinu

Fóðurverksmiðjan Laxá og Aqua Nor

Fjöldi fiskeldismann mættu á fiskeldissýninguna Aqua Nor sem haldin var 13. -16. ágúst í Brándheimi í Noregi. Eina af upptökunum var mikil veisla sem Fóðurverksmiðjan Laxá hélt sínum viðskiptavinum. Boðið var rúmlega 30 fiskeldismönnum sem kunna að meta ágæti fôðurs frá Laxá.

Haldnar voru miklar ræður og á myndinni stendur Gunnar Örn Kristjánsson og heldur tölu. Það þarf ekki að taka fram hvað kom fram í ræðunni - það vita allir.



Stuttar fréttir

- **Jóhann Guðmundsson** hefur verið skipaður skrifstofustjóri skrifstofu sjávarútvegs og fiskeldis af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
- Bleikjueldisstöðvum fjölgar á Íslandi. Í Fréttablaðinu, 29. ágúst 2013 koma fram að **fangar væru með bleikjueldi** á Sogni..

Salmon Farming Industry Handbook 2013



The Marine Harvest Salmon Industry Handbook
The purpose of this document is to give financial analysts and investors a better insight into the salmon farming industry, and what Marine Harvest considers to be the most important value drivers.



Árlega gefur Marine harvest út áhuga-verða skýrslu sem gefur gott yfirlit um laxeldi, markaðsmál, framleiðslu-kostnað og margt fleira.

<http://marineharvest.com/>



Margir framkvæmdastjórar fara sjaldan út úr þægilegum skrifstofum og dýfa sjaldnast hendi í kalt vatn. Það á ekki við Sigurð Pétursson hjá Dýrfiski. Á myndinni má sjá hann vinna við að losa regnbogasilungsseiði af flutningabíl yfir í brunnbátinn Papey sem flytur þau í kvíar í Dýrafirði.



Náttúrulegt hágæða fiskafóður



Stuttar fréttir

- Með birtingu fræðigreinar á vef Veiðimálastofnunnar (www.veidimal.is) um áhrif hafbeitar – og eldislaxa á náttúrulega stofna í Elliðaám hófust allnokkur skoðunar-skripti á milli laxeldismanna og lax-veiðimanna. Þær umræður voru ekki alltaf málefnalegar og eru opinberar ritdeilur vart rétta leið til að miðla ágreiningi á milli veiðiréttareigenda og laxeldismanna. Málið fær umfjöllum á vef Landssambands veiðifélaga (www.angling.is) og Landsambands fiskeldisstöðva sem sendir m.a. fréttatilkynningu (www.lf.is). Nokkrar greinar og viðtöl hafa birst um hugsanlega áhrif laxeldis á villta laxastofna og eru nokkur þeirra að finna hér að neðan.

- ⇒ [Elliðaárlax erfðablandaður](#). Fréttablaðið 16 ágúst
- ⇒ [Laxeldi í sjókvíum skaðar lífríki og blómlegar byggðir](#). DV 19 ágúst
- ⇒ [Deilt um áhrif af eldi á villtum lax](#). Fréttablaðið 17 ágúst
- ⇒ [Fréttatilkynning frá Landssambandi fiskeldisstöðva](#). 22 ágúst

KELDUR

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
Í MEINAFRÆÐI AÐ KELDUM



Vakin er athygli á Árskýrslu Tilraunarstöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum en hana er hægt að sækja af slóðinn hér að neðan. Eins og á undanförunum árum gefur árskýrslan ágætt yfirlit yfir rannsóknir og þjónustumælingar stofnunarinnar. Jafnframt er að finna yfirlit yfir birtar greinar og margt fleira.

<http://www.keldur.is/sites/keldur.hi.is/files/rssk%C3%BDrsla%20Keldna%202012.pdf>

Stuttar erlendar fréttir

- Í norska fréttamiðlim kyst.no kemur fram að fiskeldisfyrirtæki sem eru með The Global Salmon Initiative (GSI) hafa tekið þá ákvörðun að innleiða umhverfisstaðalinn **Aquaculture Stewardship Council (ASC)** og skal því lokið fyrir 2020. Hér er um að ræða 16 fyrirtæki með um 70% af heimsframleiðslu á eldislax. ASC umhverfisstaðalinn fyrir laxeldi felur m.a. í sér að engar slyssleppingar eigi sér stað, hráefni í fôðurgerð sé alfarið úr sjálfbærum fiskistofnum, lágmarks fjöldi laxalúsa á fiski yfir viðkvæma tíma fyrir laxfiska. Hér er búið að taka ákvörðun sem íslensk laxeldisfyrirtæki munu þurfa að fylgja í framtíðinni. Það verður a.m.k. mjög erfitt að vinna á móti straumnum. Þessi umhverfisstaðall mun eflaust hafa jákvæð áhrif á umhverfismál laxeldis og bæta ímynd greinarinnar gagnvart almenningi.



Egersund
Group
Fishing - Aquaculture - Trade

Egersund Net AS
Svanavägen N-4370 Egersund
Tel: (+47) 51 46 29 60
Fax: (+47) 51 46 29 61
post@egersund-net.no
www.egersundgroup.no

Netting | Nets | Anti-bird nets
Mooring equipment | Washing machines



Ostrur og aðrar eldistegundir á Íslandi

Lög um ostrurækt

Á árinu 1939 samþykkti Alþingi Íslendinga lög um ostrurækt. Í lög-unum kemur m.a. fram að atvinnu-málaráðherra skal heimilt að á-kveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hvers konar veiðum, öðrum en ostruveiðum.

Ostrurækt hafin á Íslandi

Rúnum sjötíu árum eftir að lög um ostrurækt nr. 21/1939 voru gefin út hefst ostrurækt á Íslandi. Að vísu ekki í sama formi og gert var ráð fyrir í lögnum. Í Útvegsblaðinu í júlí er viðtal við forsvarsmenn Víkurskelar í grein undir heiti-
inu „Ostrurnar komnar til landsins“. Ostrur geta ekki fjölgað sér hér á landi sem er raunar ein af forsendunum þess að Víkurskel fækk leyfi fyrir þessari ræktun. Ostrurnar verða ræktaðar í búrum sem fest eru við línur í Saltvík við Skjálfandaflóa. Að sögn forsvars-manns fyrirtækisins mun það koma í ljós næsta vor hvort þetta er hægt eða ekki. Reiknað er með að það taki 4-5 ár að ná ostrunni upp í markaðsstærð og ef vel tekst til mun uppskera eiga sér stað 2017 eða 2018.

Það þarf að prófa eitthvað nýtt

Fram kemur í greininni að undir-búningur að ræktunni hafi tekið þrjú ár. Forsvarsmenn fyrirtækisins benda á að það þurfi að gera eitthvað nýtt og prófa nýja hluti. Víkurskel hefur verið í kræklinga-rækt á Skjálfandaflóa en ef vel tekst til með ostrurækt er líklegt að fyrirtækið snúi sér alfarið að henni.

Margt hefur verið prófað

Fiskeldismenn á Íslandi hafa verið duglegir að prófa eitthvað nýtt en

Tegundir sem hafa verið í eldi á Íslandi



Lax



Bleikja




Þorskur



Sandhverfa



Regnbogasilungur



Lúða



Ostrur



Hlýri



Beitarfiskur




Kræklingur



Senegalfúlur



Sæeyra



Ígulker



Þari



Ýsa



Ferskvatnsrækja



Sæbjúgu



Áll



Barri

því miður hefur það í allt of fáum tilvikum skilað árangri. Hér að ofan eru myndir af þeim a.m.k. 19 tegundum sem reyndar hafa verið í eldi eða tilraunareldi á Íslandi. Því miður eða e.t.v. sem betur fer hefur eldi á mörgum þeirra verið hætt.

Betri aðstæður hér á landi

Það eru skiptar skoðanir um mögu-leika ostruræktar á Íslandi. Það væri þó ánægjulegt ef ræktunin gengi upp hér á landi þrátt fyrir

efasemdir margra.

Fram kemur í viðtalinu að að-stæður séu betri hér á landi en annars staðar. Bent er á að í Alaska gangi ræktunin vel og væri hrein vitleysa að prófa þetta ekki hér. Oft hafa miklir fjármunir verið notaðir við uppbyggingu á eldi nýrra eldistegunda. Vonum að hér verði gætt hófs á meðan verið er að sýna fram á ágæti ostruræktar á Íslandi.

www.althingi.is/lagas/130b/1939021.html

<http://goggur.is/tbl/utvegsbladid-5-tbl-14-arg/>

Stuttar fréttir

- Leyfisveitingar til laxeldis í sjókvíum hafa verið mikið til umræðu. Í Morgunblaðinu 8 júlí kom fram að Fjarðarlax hyggist kæra úrskurð Skipulagsstofnunar um að **fyrirhugaðar framkvæmdir fyrirtækisins þyrfti að fara í umhverfismat**.
- Í Morgunblaðinu þann 9 júlí birtist grein undir heitinu „**Ekki alltaf krafist umhverfismats**“. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar segir að með umhverfismati sjókvíaeldis sé verið að tryggja eðlilega rýni í fyrirliggjandi upplýsingar með heilstæðum hætti. Jafnframt koma fram að fiskeldismenn færu á fund ráðherra og miklar vonir væru um árangur af þeim fundi.
- Þann 11 júlí birtist frétt í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „**Uppbygging fyrir vestan föst í kerfinu**“. Í fréttinni kemur fram að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ætla að gjörbylta kerfinu sem nú er notað til leyfisveitinga í fiskeldi. Stærsta breytingin felst í því að leyfisveitingin fer í skipulagsferli í stað flókins umsagnar- og leyfisferils.
- Næsta dag birtist frétt í Fréttablaðinu þar sem kom fram að ekki voru allir sáttir við áform ráðherra að liðka til í þessu kerfi undir fyrirsögninni „**Telja fleiri fiskeldisstöðvar skaða orðstírinn**“. Athugasemdin kom frá formanni Verndarsjóðs villtra laxastofna.
- Það var fjallað um leyfisveitingakerfi laxeldis í fleiri fjölmiðlum og í Morgunblaðinu birtist grein undir titlinum „**Vill breyta leyfisveitingakerfi laxeldis**“. Í viðtali við ráðherra kom m.a. fram að hann ætli að skipa starfshóp til að koma með tillögur að breytingum á núverandi leyfisveitingakerfi. Einnig hefur hann falið umhverfissráðuneytinu og Skipulagsstofnun að kortleggja stöðuna og skoða fyrirkomulagið til framtíðar.
- Í Bændablaðinu þann 18 júlí birtist fréttatilkynning undir heitinu „**Landsamband veiðifélaga: Varar við auknu fiskeldi í sjó**“. Hefur Landsamband veiðifélaga óskað eftir fundi með ráherra til að ræða málin.
- Umfjöllun um leyfisveitingar fiskeldis lauk með „**Gífurlegur uppgangur í fiskeldi á Íslandi**“ með heilsíðufrétt í Viðskiptablaði Morgunblaðsins þar sem var að finna stóra skýringarmynd af leyfisveitingarferlinu. Þar kom m.a. fram að Landsamband fiskeldisstöðva mótmælir seinangangi í leyfisveitingum sem hefur valdið umsækjendum óþarfa töfum og kostnaði. Þá mótmælti sambandið harðlega úrskurði Úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála í að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar um að fyrirhugað 7.000 tonna fiskeldi Hraðfrystihússins Gunnvarar þyrfti ekki að fara í umhverfismat. Ef málefni þeirra sem reyna að byggja upp fiskeldi verða áfram með þessum hætti er augljóst að hægt er að teyja og koma í veg fyrir alla nýja starfsemi með skrifræði í stjórnkerfinu. Verst er þó að horfa upp á þegar opinberir aðilar setja hver ofan í annan á kostnað atvinnuuppbyggingar. Í greininni kom margt annað áhugavert fram m.a. var gert grein fyrir þeirri uppbyggingu sem ætti sér stað í atvinnugreininni. Einnig var fjallað um eignaskipti hjá Fjarðarlax og kom fram að Fiskisund ehf., er nú stærsti eigandinn.



Í ágúst útgáfu Útvegsblaðsins er fjallað um **Bleikjueldi Náttúru fiskrækt** í Þorlákshöfn. Einnig er fjallað um **jákvæð áhrif kræklingaræktar** þar sem tekið er fyrir sameldi, markaðsmál, afrán æðarfugls, samkeppnishæfni, stofnkostnað og margt fleira. Hægt er

<http://goggur.is/tbl/utvegsbladid-1-tbl-13-arg/>



Nýlega birtist umfangsmikil skýrsla frá Norrænu ráðherranefndinni um fiskeldi á Norðurlöndum. Mest er fjallað um sjálfbært fiskeldi. Yfirlit er gefið yfir fiskeldi allra Norðaurlandanna í skýrslunni.

Varðandi Ísland kemur m.a. fram að leggja eigi áherslu að auka framleiðslu á bleikju. Jafnframt að þróa sjókvíaeldi á laxi og eldi á nýjum tegundum þar sem haft er að leiðarljósi samkeppnishæfni.

<http://www.norden.org/en/publications/publikationer/2013-546>

Nýrnaveiki og PKD-nýrnasýki

Í maí birtist grein í Bændablaðinu undir heitinu „Sjúkdómar í lax-fiskum á Íslandi: Nýrnaveiki og PKD-nýrnasýki – ólíkir sjúkdómar með áþekk heiti“. Greinin er rituð af Árna Kristmundssyni hjá Tilraunarstöð HÍ að Keldum.

PKD nýrnasýki hefur fram að þessu eingöngu fundist í villtum fiski. Nýrnaveiki kannast fiskeldismenn vel við en hún hefur valdið miklu tjóni í eldi laxfiska. Í grein Árna Kristmundssonar kemur m.a. fram: „Frá því bakterían uppgötvaðist á Íslandi árið 1968 má greina þrjú megin-skeið í sögu nýrnaveiki í eldisfiski hér á landi. Fyrsta tímabilið

spannar árin 1985-1992, en þá varð nýrnaveiki verulegt vandamál í kjölfar mikillar aukningar á laxeldi. Næsta tímabil spannar árin 1992-2003 er tekist hafði að ná valdi á vandanum og tilfelli voru fá. Að lokum er svo tímabilið frá 2003 er nýrnaveiki greindist á ný í mörgum eldisstöðvum. Á árunum 2003-2007 var milljónum eldisseiða

fargað vegna nýrnaveiki smits og nam tjónið hundruðum milljóna króna. Ástæða þessarar hrinu er að öllum líkindum sú að smit barst inn í eldisstöð með áhöldum úr smituðum villklakfiskum. Þar magnaðist smitið og dreifðist með flutningi smitaðra, en einkennalausra seiða til fleiri eldisstöðva“.

<http://bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6866>



Rannsóknasjóður síldarútvegsins

Rannsóknasjóður síldarútvegsins auglýsir styrki sem skipt er í tvo flokka:

- Rannsóknaverkefni vegna nýsköpunar, vöruþróunar og markaðsöflunar í sjávarútvegi. Styrkinum er úthlutað til doktorsverkefna og heitir Sigurjónsstyrkur eftir prófessor Sigurjóni Arasyni.
- Fræðslu- og kynningarverkefni í sjávarútvegi. Sjóðurinn styrkir námsefnisgerð í grunnskólum og fyrir sjávarútvegstengt nám á framhaldskólastigi. Gerð er krafa um að fræðslu- og kynningarefni styrkt af sjóðnum verði öllum aðgengilegt á netinu án gjalds.

Umsóknarfrestur er 10. október og nánari upplýsingar er að finna á vef sjóðsins hjá Samtökum fiskvinnslustöðva (www.sf.is)

SF SAMTÖK
FISKVINNSLUSTÖÐVA

STÆRSTI VETTVANGUR ALLRA SEM STARFA Í SJÁVARÚTVEGINUM

Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013

KALLAÐ ER EFTIR
HUGMYNDUM
SEM EFLA
ÍSLENSKAN
SJÁVARÚTVEG
OG TENGDAR
ATVINNUGREINAR



Markmið samkeppninnar er að finna framsæknar og frumlegar hugmyndir sem skapa umræðugrundvöll eða nýja hugsun í sjávarútveginum. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:

Frumleika, virðisauka, sjálfbærni og ímyndar greinarinnar út á við



Soifaldan, verðlaunagripur Framúrstefnuhugmynda Sjávarútvegsráðstefnunnar.

Verðlaunaféð er kr. 5 00.000 en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 21.-22. nóvember á Grand hótél.

Í umsókn þarf að lýsa hugmynd á hnitmiðaðan hátt, koma með tillögu að framkvæmd og geta til um væntanlegan afrakstur og góð áhrif á ímynd íslenskra afurða (hámark 2 bls.). Skilyrðin eru tvö:

Hugmyndin þarf að vera framúrstefnuleg

Hugmyndin þarf að vera raunhæf

Frestur til að skila inn framúrstefnuhugmynd er 15. október 2013. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar www.sjavarutvegsradstefnan.is

Aðal styrktaraðilar Sjávarútvegsráðstefnunnar 2013





Ráðstefna um forsendur sjókvíaeldis og skelræktar við Ísland

„Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands „

Patreksfirði 3. og 4. október 2013

Félagsheimili Patreksfjarðar

Víða um heim er stundað fiskeldi og skelrækt á norðlægum slóðum með góðum árangri. Framundan virðist vera mikill vöxtur í þessari atvinnugrein hérlandis. Innviðir stjórnkerfis virðist á mörgum sviðum vera illa undirbúið fyrir þá uppbyggingu. Grunnþekking á umhverfispáttum og burðarþoli strandsvæða er einnig takmörkuð og nauðsynlegt að stórefla rannsóknir. Á Vestfjörðum eru talin vera mikil tækifæri á þessu sviði eins og víða hér við land, og því hefur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða ákveðið í samstarfi við Fiskeldisklasa Vestfjarða að efna til þessarar ráðstefnu. Vonast er til að ráðstefnan geti orðið mikilvægt skref til að efla samstarf stjórnsýslu, rannsóknastofnana og fyrirtækja til að þróun fiskeldis geti orðið farsæl hérlandis eins og hjá okkar nágrannabjóðum.

Skráning á vef: www.westfjordsadventures.com

Tilkynna þarf þátttöku fyrir 19. September

Ekkert ráðstefnugjald.

Greiða þarf fyrir þátttöku í hátíðarkvöldverði og hádegisverði.

Tilboð í flug og gistingu.

Nánari upplýsingar um skráningu, flug, gistingu:

Gunnþórunn Bender síma: 456-5006 og gsm:690-8025

Ráðstefnan er öllum opin að undangenginni skráningu.



Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands

- tækifæri og ógnanir -

Ráðstefna í Félagsheimili Patreksfjarðar
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða - Vaxtarsamningur Vestfjarða - Fiskeldisklasi Vestfjarða

Fimmtudagur 3. október:

14:00 - 14:30 Skráning

14.30 – 14.40 Setning: Ráðherra – atvinnuvega og nýsköpunar, Hr. Sigurðir Ingi Jóhannsson

14.40 – 16.30 **Málstofa 1 – Fiskeldi á norðurslóð nágrannapjóða**

⇒ Reynsla af fiskeldi í Austur-Finnmörku, Noregi, Per Gunnar Kvenseth, Villa Organic AS

⇒ Fiskeldi og skelrækt á Nýfundnalandi, Cyr Couturier, Marine Institute of Memorial Univerisity

⇒ Umræða

16.30-18.00 Sigling út í eldiskvíar Fjarðalax í Patreksfirði

18.00-19.00 Móttaka Fjarðalax, FossHótel Patreksfirði

20.00 - Hátiðarkvöldverður, FossHótel Patreksfirði

Föstudagur 4. október:

9.00 - 12.00 **Málstofa 2 – Umhverfi og nýting strandsjávar**

⇒ Hitafar og hafstraumar í strandsjó, Héðinn Valdimarsson, Hafrannsóknastofnun

⇒ Svifþörungar og frumframleiðni, Hafsteinn Guðfinnsson, Hafrannsóknastofnun

Kaffihlé

⇒ Mengun í hafinu við Ísland og vöktun þess, Helgi Jensson, Umhverfisstofnun

⇒ Skipulag strandsvæða og nýting, Gunnar Eydal, Teiknistofan Eik

⇒ Umræða

13.00-15.30 **Málstofa 3 – Tækifæri og ógnanir í íslensku fiskeldi**

⇒ Skelrækt – eigum við einhvern séns? Jón Örn Pálsson, Fjarðalax

⇒ Laxeldi Fjarðalax – mikilvægar forsendur, Jónatan Þórðarson, Fjarðalax

⇒ Áhrif fiskeldis á samfélagið og afleidd tækifæri, Shiran Þórisson, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Kaffihlé

16.00-17.00

Pallboðsumræður og samantekt

Stjórnandi– Þorgeir Pálsson - ráðstefnustjóri

- Hver eru sóknarfæri fyrir þróun fiskeldis í sjó ?
- Er þörf fyrir stefnumótun fyrir einstaka landshluta ?
- Hvert er hlutverk sveitarfélaga / ríkisvalds ?

17.00 Ráðstefnuslit